



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa nóvember 2005

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 8. nóvember 2005

Fjármögnun framkvæmda. Gengið verður til samninga við Sparisjóð Þórshafnar og nágrennis um fjármögnun framkvæmda.

Kostnaðaráætlun vegna framkvæmda við höfnina. Áætlunin var lögð fram og samþykkt með fyrirvara um fjármögnun. Einn sat hjá.

Farið verður á leit við Þróunarfélagið að það aðstoði hreppsnefndina við að fá leiðréttingu á byggðarkvótaúthlutun vegna síðustu tveggja ára. Haft verður samband við Stefán Stefánsson hjá Þróunarfélaginu.

Samþykkt er að eiga fund með hreppsnefnd Þórshafnarhrepps með hugmynd um hugsanlega sameiningu Skeggjastaðahrepps og Þórshafnarhrepps sem fyrst.

Farið var yfir nýja fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur og eru engar athugasemdir gerðar. Búið er að senda svar þess efnis.

Fundur 20. nóvember 2005

Ákveðið er að heildagsleikskóli hefjist þann 1. janúar 2006. Rósa Björk Magnúsdóttir verður ráðin sem leikskólastjóri frá og með 27. desember 2005.

Fundur 29. nóvember 2005

Fjárhagsáætlun 2006, fyrsta umræða um fjárhagsáætlun 2006. Athugasemdir verði lagðar fyrir KPMG sem veði tilbúnar fyrir lokaumræðu.

Hreppsnefnd sendi svæðisstjóra Vegagerðarinnar bréf þar sem farið er fram á að vegaeftirliti verði sinnt frá Bakkafirði, á leiðinni frá Brekknaheiði til og með Sandvíkurheiði.

Bréf barst frá Kaupúni (Árna Róbertssyni) þar sem hann tilkynnir að versluninni á Bakkafirði verði lokað frá og með 1. janúar 2006.

Talað var um jólaskraut og jólatré.

Farið var yfir vinnupunkta vegna umræðna við Þórshafnarhrepps og þeir sendir með tölvupósti.